

Fundur stjórnar ÆSKP 2. júní 2021 á Zoom

Mætt: Berglind, Máni, Erna Kristín, Aldís Elva, Sóley Adda og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.36.

Starfshópur fyrir stefnumótavinnu

Það hefur verið starfandi hópur um endurskipulagningu framtíðarsýn kirkjunnar. Berglind og Jónína eru í þessum hópi og hafa fundað vikulega síðustu vikur. Mesta áherslan hefur verið lögð á foreldramorgna og æskulýðsstarf, því það er flöturinn sem við teljum að við munum ná sem flestum inn í þjóðkirkjunnar. Áhersla er á faglegt starf.

Þarna er klárlega hljómgrunnur fyrir æskulýðsstarfsfólk að segja hvað því finnst vera ábótavant í starfi.

Stefnt er að því að fara í greiningu á starfinu.

Landsmót 2021 á Sauðárkróki

Vetrarfrí er 14.-17. október á Sauðárkróki. Það er snemma en það gæti þá verið hvati fyrir æskulýðsfélög að byrja fyrr. Ef mótið verður líka tiltölulega ódýrt, án þess að það komi niður á dagskrá, þá getur það stytta tíman sem leiðtogar þurfa að hugsa um fjáröflun.

Landsmót 2022 á Akranesi

Jónína fór á Akranes 31. maí og prestarnir þar eru mjög jákvæðir fyrir Landsmóti 2022. Þetta var fyrsta heimsóknin og markmiðið var að taka stöðuna á staðnum og fólkinu. Mikil hefð er á Akranesi að halda stór mót, t.d. fótboltamót. Það eru tvær skólar þarna, annar mjög nálægt kirkjunni. Einnig er íþróttahús, fimleikahús og lítil innisundlaug. Ef við myndum fá aðgang að þessu svæði værum við í mjög góðum málum. Á þessu svæði er líka leikskóli sem gæti einnig virkað sem gistirými. Kirkjan sjálf á líka lítið hús á svæðinu sem hægt væri að nota. Stærri skólinn er í laski, þar fannst mygla í haust. Því er ólíklegt að við fáum grænt ljós á að nota þann skóla ef að mótið verður mjög stórt.

Prestarnir töldu að tvær úr sóknarnefnd gætu komið inn í mótsnefndina, þó þær tengjast ekki æskulýðsstarfi með beinum hætti. Þær eru í góðum tengslum við bæinn sem væri mjög hagstætt.

Erna Kristín hefur sótt um prestsstarf á Akranesi. Ef hún væri það starf þá býðst hún til þess að verða landsmótsstjóri.

Gleðigangan

Við vitum ekki ennþá hver staðan er á Gleðigöngunni. Eins og staðan er, þá erum við hins vegar bjartsýn á að hún verði haldin.

Kirkjuþing Unga Fólksins

KUF var haldið í Grensáskirkju 14.-15. maí. KUF gekk vel og voru fulltrúar alls staðar af landinu. Berglind er að fara á fund á morgun með kirkjuráði þar sem hún er að kynna málin sem tekin voru fyrir á KUF.

Nýjung var á þessu þingi þar sem nefndirnar fjölluðu um mál sem hægt er að taka fyrir á næsta KUF. Þar með erum við komin með gagnabanka sem við getum rennt yfir fyrir næsta KUF.

Orðalagsbreyting

Það hefur komið upp í umræðunni að starfsheitið æskulýðsfulltrúi hafi misst vægi sitt og sé mögulega að fæla frá eldra og menntaðra fólk. Við getum byrjað að hugsa um hugmyndir af nýjum heitum.

Fundi slitið kl. 21.57.